

nóvember 1979 var lagt gegn leiguakstri aðalstefnda til vöruflutninga á félagssvæði Vörubíltjórafélags Suðurnesja, þ. e. í Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Vatnsleysustrandarhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi og Hafnahreppi. Ber því einnig að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint lögban er staðfest.

Gagnstefndi, Vörubíltjórafélag Suðurnesja, skal vera sýkna af kröfum gagnstefnanda, Einar S. Svavarssonar.

Málskostnaður felur niður í aðalsök og gagnsök.

Mánudaginn 13. desember 1982.

Nr. 158/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Einarssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstarétardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. júlí sl. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 12. október. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms að því er stakfellingu varðar, en þyngingar refsingar. Verjandi krefst þess aðallega, að ákærða verið ekki gerð refsing í máli þessu, svo og þess, að 3. ákærulið verði vísað frá dómi.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara, en ekki eru fram komin rök, sem leiða til þess, að 3. lið ákæru verði vísað

frá dómi. Staðfesta ber færslu til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Við refsíákvörðun ber að hafa hliðsjón af 70. gr., 2. mgr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er rétt að staðfesta héraðsdóm að því er refsivist varðar. Sektorviðurlögum samkvæmt lögum nr. 60/1980 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 49. gr., 2. mgr., og 77. gr. laganna svo og 5. gr. laga nr. 65/1974 verður ákærði dæmdur til að sæta 8.500.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga fangelsi í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Einarsson, sæti 6 mánaða fangelsi og 8.500.00 króna sekt í ríkissjóð, sem afplánist 40 daga fangelsi, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hestaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 24. maí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 24. maí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 912/1981: Ákærvaldið gegn Guðmundi Einarssyni.

Málið var höfðað með ákæru, dags. 28. desember 1981, á hendur Guðmundi Einarssyni, fæddum 19. nóvember 1952, nú til heimilis að Álfheimum 64 hér í borg, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Í júní 1977 í félagi við Magnús Árnason sent með flugi um 3,5—4 kg af hassi, falið í sjónvarpstæki, hingað til lands frá Hollandi, en efnið var eign nefnds Magnúsar og fleiri. Í júlí begið um 300 gr af efninu hjá nefndum Magnúsi í Reykjavík og afhent 100 gr af því Jóni Ómari Sigfússyni, sem seldi þann efniskammt fyrir ákærða, og fékk ákærði um 130.000 gkr. í sinn hlut af söluandvirðinu.

II.

Í júlí 1978 keypt 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn, afhent Hermann Ólasyni efnið til söludreifingar og síðan móttækið fé, sem fékkst fyrir sölu á efninu.

III.

Í fyrri hluta ágúst 1978 keypt 500 gr af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Gautaborgar og selt það þar ótilgreindu fólki.

IV.

Um miðjan ágúst 1978 í félagi við Halldór Lárus Pétursson og nafngreinda konu, GG, keypt í Amsterdam alls um 4,4 kg af hassi, sem ákærði og nefndur Halldór Lárus töldust eiga að jöfnu, flutt efnið til Kaupmannahafnar og selt þar sinn hluta þess með aðstoð nefnds Halldórs Lárusar og Karls Antons Carlsen.“

Framangreind háttsemi er í ákæuskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er tekur til brotanna í liðum II—IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, er fæddur 19. nóvember 1952 í Reykjavík, og hefur sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

- 1971 31/8 í Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr. laga nr. 77/1970 og reglugerð nr. 257/1969.
- 1978 5/7 borgarréttur Kaupmannahafnar: Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 117. gr., 1. mgr. 53. gr., 1. mgr. 118. gr., 1 mgr. 3. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 2 ár frá 16/3 1978.
- 1978 5/9 í Reykjavík: Dómur: 500.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974 og 2. tl. 5. gr. hegningarlaga.

1970 29/5 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og 78. gr. hegningarlaga.

Ákærða var birt ákæra í málinu 10. febrúar 1982. Málið var þingfest 2. mars sl. Verjandi skilaði vörn í málinu 3. maí sl., og var málið dómtekið sama dag.

Ákæruliður I.

„Í júní 1977 í félagi við Magnús Árnason sent með flugi um 3,5—4 kg af hassi, falið í sjónvarpstæki, hingað til lands frá Hollandi, en efnið var eign Magnúsar og fleiri. Í júlí þegið um 300 gr af efninu hjá nefndum Magnúsi í Reykjavík og afhent 100 gr af því Jóni Ómari Sigfússyni, sem seldi þann efnisskammt fyrir ákærða, og fékk ákærði um 130.000 gkr. í sinn hlut af söluandvirðinu.“

Ákærði var fyrst yfirheyrður vegna ofangreindrar meintrar háttsemi hjá danskri lögreglu 31. mars 1978. Var ákærði síðan yfirheyrður í Kaupmannahöfn 12. apríl 1978 af íslenskri lögreglu og loks hjá lögreglu í Reykjavík 15. maí 1980.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 21. maí 1980. Lýsti ákærði þá för sinni til Amsterdam í júní 1977 ásamt Magnúsi Árnasyni. Ákærði lýsti þætti sínum í að koma allt að 4 kg af hassi fyrir í sjónvarpstæki og senda hingað til lands. Ákærði átti ekki í efnunum. Ákærði kvaðst hafa móttekið 300 gr af hassi frá Magnúsi Árnasyni í júlí 1977 fyrir aðstoðina og af því efni hafi Jón Ómar Sigfússon selt talsvert fyrir ákærða.

Magnús Árnason var yfirheyrður hjá lögreglu 22. mars 1978 og lýsti þá ferð sinni til Amsterdam í júní 1977. Kvaðst Magnús hafa haldið til Kaupmannahafnar í júní 1977. Í Kaupmannahöfn kom Magnús Árnason að máli við ákærða og fékk hann til að halda með sér til Amsterdam.

Þar kvaðst Magnús Árnason hafa keypt 4.5 kg af hassi og hafi ákærði aðstoðað sig við að koma 3.5 kg af efninu fyrir í sjónvarpstæki og síðan að senda það hingað til lands. Kvað Magnús ákærða hafa fengið 500 grömm af hassi fyrir aðstoðina. Magnús Árnason var yfirheyrður fyrir dómi 5. apríl 1978. Kvað Magnús sig hafa keypt 4.5 kg af hassi í Amsterdam í júní 1977 ásamt ákærða.

Jón Ómar Sigfússon var yfirheyrður hjá lögreglu 17. október

1978 og staðfesti að hafa mótttekið alls 100 grömm af hassi frá ákærða í tveimur afhendingum í júní 1977 og greitt ákærða 130.000 gkr. fyrir.

Ákæruliður II.

„Í júlí 1978 keypt 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn, afhent Hermann Ólasyni efnið til söludreifingar og síðan mótttekið fé, sem fékkst fyrir sölu á efninu.“

Hermann Ólason var yfirheyrður hjá lögreglu 5. nóvember 1978. Kvaðst Hermann hafa fallist á bón ákærða um að aðstoða hann við að selja 1 kg af Libanonhassi. Hermann fór að sögn til Gautaborgar með efnið, og var Sigurður Jóhannsson í för með honum. Eftir að hafa selt af efninu fyrir u. þ. b. 3.500 danskar kr. kvað Hermann sig hafa haldið aftur til Kaupmannahafnar með féð, en ekki skilað ákærða fénu. Kvað Hermann Sigurð Jóhannsson hafa dvalið áfram í Gautaborg og selt af efninu fyrir 3.500 danskar kr. til viðbótar og haldið síðan til Kaupmannahafnar og skilað ákærða því fé ásamt efni því, er eftir var, eða um 600 grömmum.

Hermann Ólason var yfirheyrður fyrir dómi 11. nóvember 1978 og bar efnislega á sama veg og að ofan hefur verið rakið.

Sigurður Rafn Jóhannsson var yfirheyrður hjá lögreglu 1. nóvember 1978 og lýsti þá ferð sinni og Hermanns Ólasonar til Gautaborgar til að selja þar hass fyrir ákærða. Kvað Sigurður Rafn Hermann Ólason hafa haldið til Kaupmannahafnar á undan sér með allt féð, eða um 5.000 kr. sænskar. Sigurður Rafn kvað sig ekki hafa selt eftirstöðvar efnisins, heldur haldið til Kaupmannahafnar með efnið.

Ákærði hefur borið við lögregluyfirheyrslu 15. maí 1980 að hafa afhent Hermann Ólasyni 1 kg af hassi um mitt sumar 1978. Átti Hermann Ólason að selja efnið fyrir ákærða, sem hafði fengið efnið gegn gjaldfresti. Kvað ákærði skil af hálfu Hermanns hafa gengið illa og ákærði því að lokum þurft að fá lán til að greiða fyrir efnið. Kvað ákærði Hermann hafa skuldað sér um 500 grömm af greindu kíló af hassi.

Ákærði staðfesti ofangreindan framburð fyrir dómi 21. maí 1980 og bar efnislega á sama veg.

Ákæruliður III.

„Í fyrri hluta ágúst 1978 keypt 500 gr af hassi í Amsterdam, flutt efnið til Gautaborgar og selt það þar ótilgreindu fólki.“

Hermann Ólason var yfirheyrður hjá lögreglu 5. nóvember 1978 og lýsti þá för sinni til Amsterdam í ágúst 1978. Kvað Hermann ákærða hafa komið með sér í greinda för, og kvað Hermann sig hafa keypt 1.5 kg af hassi í Amsterdam og haldið með efnið til Svíþjóðar, þar sem ákærða voru afhent 500 grömm af efninu. Kvað Hermann vera um að ræða uppgjör skuldar við ákærða varðandi efni úr ákærulið II.

Hermann Ólason greindi síðar frá för þessari fyrir dómi 11. nóvember 1978. Þá kvað Hermann ákærða hafa keypt 500 grömm af hassi í Amsterdam fyrir fé, er hann (ákærði) átti vegna áður-greindrar skuldar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 15. maí 1980 og lýsti þá för sinni til Amsterdam ásamt Hermann Ólasyni. Kvað ákærði svo hafa um samist þeirra í millum, að ákærði fengi hassefni upp í skuld þá, er Hermann stóð í við ákærða vegna uppgjörs efnis, er um getur í ákærulið II.

Ákærði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 21. maí 1980 og kvað Hermann hafa afhent sér 500 grömm af hassi í umræddri Amsterdamför. Kvaðst ákærði hafa selt efnið á götum Gautaborgar.

Ákæruliður IV.

„Um miðjan ágúst 1978 í félagi við Halldór Lárus Pétursson og nafngreinda konu, GG, keypt í Amsterdam alls um 4,4 kg af hassi, sem ákærði og nefndur Halldór Lárus töldust eiga að jöfnu, flutt efnið til Kaupmannahafnar og selt þar sinn hlut þess með aðstoð nefnds Halldórs Lárusar og Karls Antons Carlsen.“

Ákærði lýsti för sinni, er í þessum ákærulið greinir, við lögreglu yfirheyrslu 15. maí 1980. Ákærði bar efnislega á sama veg fyrir dómi 21. sama mánaðar og kvað sig hafa haldið til Amsterdam í ágúst 1978. Með í förinni var eiginkona ákærða, Gígja Geirsdóttir, og Halldór Lárus Pétursson. Ákærði kvaðst hafa keypt um 4 kg af hassi í félagi við Halldór Lárus Pétursson og átt hvor sinn helming efnisins. Var síðan haldið með efnið til Kaupmannahafnar, þar sem Halldór Lárus Pétursson og Karl Anton Carlsen seldu efnið fyrir ákærða og stóðu skil á söluandvirðinu til hans.

Skömmu síðar var ákærði handtekinn í Þýskalandi með hass-efni, er hann hafði keypt fyrir ágóðann af sölunni. Var ákærði dæmdur til 2½ árs fangelsisrefsingar þar í landi.

Halldór Lárus Pétursson greindi frá ferð þeirri, er í þessum

ákærulið greinir, við lögregluyfirheyrslu 21. október 1978 og síðar 23. sama mánaðar og loks 6. nóvember 1978. Lokaframburður Halldórs Lárusar var svo fyrir dómi 6. nóvember 1978. Lýsti hann þá kaupum sínum, ákærða og eiginkonu ákærða á 4.4 kg af hassi í Amsterdam. Kvað Halldór Lárus hlut sinn hafa verið 2.2 kg.

Karl Anton Carlsen var yfirheyrðu hjá lögreglu 7. nóvember 1978. Kvað hann sig hafa selt um 700—800 grömm af hassi fyrir ákærða um miðjan ágúst sama ár.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa í júní 1977 ásamt Magnúsi Árnasyni sent hingað til lands með flugi frá Hollandi 3.5 kg af hassi, er falið var í sjónvarpstæki. Efnið var ekki eign ákærða. Í júlí 1977 þáði ákærði 300 grömm af hassi frá Magnúsi Árnasyni, og afhenti ákærði 100 grömm þar af til Jóns Ómars Sigfússonar, sem seldi efnið fyrir ákærða og skilaði ákærða 130.000 gkr. sem söluandvirði.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, eða að hafa keypt 1 kg af hassi í Kaupmannahöfn í júlí 1978 og afhent Hermannni Ólasyni efnið til söludreifingar. Ekki er sannað, að ákærði hafi mótttekið fé, sem fékkst fyrir sölu efnisins.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður III.

Ákærði hélt til Amsterdam í ágúst 1978 ásamt Hermannni Ólasyni. Svo samdist milli ákærða og Hermanns Ólasonar, að sá síðarnefndi afhenti ákærða 500 grömm af hassi sem greiðslu skuldar, er Hermann stóð í við ákærða vegna vanskila á söluandvirði efna, er um getur í ákærulið II hér að framan.

Þykir þessi ónákvæmni í ákæru ekki eiga að valda frávísun þessa ákæruliðar, sbr. 115. gr. laga 74/1974, sbr. 19. gr. laga 107/1976, enda hefur ákærða ekki dulist, við hvaða brot er átt í þessum ákærulið, og gerði ákærði ekki athugasemdir við þennan lið

ákæru, er skjalið var borið undir hann í þinghaldi 2. mars 1982.

Dóminum þykir sannað, að ákærði hafi mótttekið 500 grömm af hassi í Gautaborg í ágúst 1978. Efnið móttók ákærði frá Hermanní Ólasyni, og seldi ákærði efnið á götum Gautaborgar ótilgreindu fólki.

Hefur ákærði því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður IV.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi í félagi við Halldór Lárus Pétursson keypt a. m. k. 4 kg af hassi í Amsterdam um miðjan ágúst 1978. Efnið átti ákærði að jöfnu við Halldór Lárus. Var efnið flutt til Kaupmannahafnar, þar sem ákærði seldi sinn hluta efnisins með aðstoð Karls Antons Carlsen.

Hefur ákærði samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða í ákærulið I varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Verjandi telur, að lögum 65/1974 séu sniðin ákveðinn stakkur varðandi íslenskt yfirráðasvæði og ekki sé heimild til að refsa fyrir brot gegn nefndum lögum með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómurinn telur hina almennu heimild í 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til að saksækja og refsa hér á landi fyrir brot framin erlendis eiga við um nefnd lög nr. 65/1974, og varða því brot ákærða í II.—IV. ákærulið við áðurnefnd ákvæði laga nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974 með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur hlotið einn dóm vegna fíkniefnabrota og gengist undir eina dómssátt vegna sams konar brota. Dómurinn var upp kveðinn 5. september 1978 og sáttin gerð 29. maí 1980.

Þá var ákærði dæmdur til refsingar í Þýskalandi fyrir brot á fíkniefnalöggjöf þar á landi. Dómurinn er frá 24. nóvember 1978 og fylgir gögnum málsins.

Þykir verða að skýra 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þannig, að hér á landi verði dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr., við erlenda dóma að uppfylltum öðrum skilyrðum nefndrar greinar. Verður því ákærða hér ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki, svo vitað sé, gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina í um tvö ár. Verður ofangreint virt ákærða til hagsbóta við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70 gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða eru alvarlegs eðlis og stunduð með hagnaðarvon í huga, og um er að ræða mikið magn fíkniefna, er ákærði ýmist seldi sjálfur eða fékk aðra aðilja til að selja fyrir sig.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í sex mánuði. Þá er ákærða gert með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 101/1976, að greiða kr. 10.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dómsins, komi fangelsi í 50 daga í hennar stað. Loks er ákærða með vísan til 141. gr. laga 74/1974 gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Einarsson, fæddur 19. nóvember 1952, skal sæta fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði kr. 10.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 50 daga í hennar stað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.